

Nd.

4. Breytingartillögur

við frumvarp til dansk-íslenskra sambandslaga.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

1. Við 6. gr.

Greinin orðist svo:

Íslenskir ríkisborgarar og danskir ríkisborgarar skulu að engu leyti sæta óhagkvæmari kjörum hverir í annars ríki en ríkisborgurum nokkurs annars lands eru þar veitt.

Slíkt hið sama gildir um afurðir og afrakstur beggja ríkjanna.

Ríkisborgarar hvors lands eru að sjálfsgöðu undanskildir herskyldu í hinu.

2. Við 7. gr.

Greinin orðist svo:

Danmörk fer með utanríkismál Íslands í umboði þess, þar til Ísland tekur þau sjálf til meðferðar eða gerir um þau aðra skipan.

Þar til Ísland gerir aðra skipan má íslenska stjórnin skipa trúnaðarmann í utanríkisráðuneyti Dana til þess að starfa að íslenskum málum.

Nú eiga Danir einhversstaðar engan sendiherra eða sendiræðis-
mann, og skal þá skipa hann, ef íslenska stjórnin óskar og samkvæmt

hennar tilnefningu, enda greiði Ísland kostnaðinn. Með sömu skilyrðum skal skipa ráðunauta með þekkingu á íslenskum högum við sendisveitir og ræðismannaembætti þau, sem Danir hafa nú. Ef stjórn Íslands kys að senda úr landi sendimenn á sinn kostnað til þess að semja um sjerstök íslensk málefni, má hún framkvæma það og þá jafnframt kunngera utanríkisráðuneyti Dana slíkar ráðstafanir.

Ríkjasamningar, gerðir af hálfu Danmerkur, er Ísland varða, skuldbinda ekki Ísland, nema fengið sje samþykki íslenskra stjórnarvalda.

3. 10. grein falli niður.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

4. Við 13. og 14. grein.

Greinir þessar falli niður, en í stað þeirra komi svofeld grein, er verður 12. grein:

Ríkissjóður Danmerkur greiðir landssjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 2¹/₃ miljón króna.

Fjárhæð sú, að upphæð 60000 kr., sem ríkissjóður Danmerkur hefir undanfarið árlega greitt Íslandi, og kostnaður ríkissjóðs Danmerkur af skrifstofu stjórnarráðs Íslands í Kaupmannahöfn, fellur niður.

Sömuleiðis eru afnumin forrjettindi íslenskra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnarháskóla.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

5. 16. grein falli niður.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

6. Við 18. grein (sem verður 15. gr.).

Greinin orðist svo:

Eftir árslok 1940 getur Alþingi og Ríkisþing, hvort fyrir sig, hve nær sem er, krafist, að byrjað verði á samningum um endurskoðun laga þessara.

Nú er nýr samningur eigi gerður innan þriggja ára frá því að krafan kom fram, og getur þá Alþingi eða Ríkisþing, hvort fyrir sig á eigin hönd, samþykkt, að samningur sá, sem felst í lögum þessum, sje úr gildi feldur. Ef annaðhvort löggjafarþingið samþykkir slíka ályktun, skal hún síðan borin undir kjósendur þá, sem atkvæðisrjett hafa við almennar kosningar til löggjafarþings þess landsins, til samþykkis eða synjunar. Nái ályktunin samþykki kjósenda í því ríkinu, skal samningurinn úr gildi fallinn og þar með orðinn fullkominn málefnaaskilnaður milli ríkjanna.

Hvort ríkið um sig ákveður, hver skilyrði og reglur það setur um atkvæðagreiðslu þessa í sinu landi.

7. Við 19. grein (sem verður 16. gr.)

Greinin orðist svo:

Ísland felur Danmörku að tilkynna erlendum ríkjum hvorttveggja, að Ísland sje fullvalda ríki og jafnframt, að Ísland lýsi yfir ævarandi hlutleysi sínu og að það hafi engan gunnfána.

8. Við 20. grein (sem verður 17. gr.).

Greinin orðist svo:

Sambandslög þessi ganga í gildi 1. desember 1920.